

2001070039

7708; 9310

Vegagerðin
Helgi Jóhannesson, sérfræðingur
Borgartúni 7
105 Reykjavík

Reykjavík, 24. ágúst 2001

/--

**Efni: Bygging varnargarðs, miðgarðs, við Fláajökul, Sveitarfélaginu Hornafirði.
Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 10. júlí 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt bygging varnargarðs, svonefnds miðgarðs B, við Fláajökul í sveitarfélaginu Hornafirði samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 2a í 2. viðauka með lögnum.

Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 23. febrúar 2001, um að bygging varnargarðs, svonefnds neðri garðs, við Fláajökul skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfiráhrifum. Tilhögun efnistöku og staðsetning varnargarðsins var þá önnur en sú sem fram kemur í erindi Vegagerðarinnar frá því 10. júlí sl.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Náttúruverndar ríkisins. Álit bárust frá Sveitarfélaginu Hornafirði með bréfi dags. 18. júlí 2001 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 8. ágúst 2001. Frekari upplýsingar og svör bárust frá Vegagerðinni með bréfi dags. 8. og 21. ágúst 2001.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar kemur fram að á undanförunum áratugum hafi Fláajökull hopað. Samfara hopi jökulsins hafi Hólmsá a.m.k. þrisvar tekið að renna eftir lægðum til austurs yfir í Hleypilæk. Þessar breytingar hafi orðið þegar Fláajökull hopaði nægjanlega mikið, þannig að vatn sem runnið hafði vestan undan jöklinum í Hólmsá til sjávar, hefði átt greiðari leið bakvið gamlar jökulöldur og meðfram jöklinum til austurs. Fram kemur að verulegar líkur séu taldar á því að á næstu mánuðum eða árum geti rennsli Hólmsár breyst í þessa veru og vatnið runnið suður Mýrar í farvegi Hleypilækjar. Þá verði allt land milli Djúpár og Hólmsár í hættu ásamt Hringveginum á þessum kafla. Slíkt ástand sé óviðunandi að

sumarlagi þegar mikið vatn er í Hólmsá, þar sem mikið tjón yrði á vegum, ræktuðu landi og náttúrulegum gróðri á Mýrum. Fram kemur að einnig sé vatnslögn Vatnsveitu Mýrarhrepps í verulegri hættu en hún liggir í farvegi Djúpár eftir að Hleypilækur hefur sameinast henni. Leita þurfi öruggrar framtíðarlausnar á vandanum og verði það eingöngu gert með garði í jökulöldum sunnan við jökulsporðinn. Tilgangur framkvæmdarinnar sé því að stjórna rennslí Hólmsár.

Fram kemur að fyrirhugað sé að reisa um 2000 m langan varnargarð um 400 m sunnan við jaðar Fláajökuls (garður B, svokallaður miðgarður). Við þetta muni lón ofan við garðinn stækka og verða u.þ.b. 250 m breitt og 2000 m langt. Jökulgarðar sem fyrir eru verði nýttir sem grunnur, fyllingarefni lagt í lægðir á milli þeirra og háöldurnar látnar halda sér. Þannig verði varnargarðurinn brotinn upp og sjónrænum áhrifum haldið í lágmarki.

Fram kemur að áætluð efnispörf er um 67.000 m³ af fyllingarefni og um 9.000 m³ af grjóti: *Náma 1*, neðan vatnsborðs í væntanlegu lóni ofan varnargarðs. Teknir verða um 50.000 m³ af jökulruðningi á um 17.000 m² svæði niður á 3 m vinnsludýpi.

Náma 2, í farvegi Hólmsár. Teknir verða 17.000 m³ af möl á um 9.000 m² svæði niður á um 2 m vinnsludýpi.

Náma 3, opin náma á austurbakka Hólmsár. Teknir verða samtals 9.000 m³ af grjóti á samtals um 45.000 m² lands. Við efnistöku verður grjóti rakað saman af þessum 45.000 m², en annað svæði látið ósnert. Ekki sé gert ráð fyrir að tæki, sem aka þurf um námuna, muni raska botni námunnar frekar, þar sem hann sé mjög grófur og þéttur í sér. Röskun umfram 45.000 m² sé því talin óveruleg. Efnistöku innan námu 3 verði forgangsraðað í samráði við fulltrúa Náttúruverndar ríkisins þannig að sem minnstu svæði verði raskað við vinnsluna. Akstur milli grjótríkra svæða námunnar verði takmarkaður við ákveðnar leiðir til að draga úr raski, ummerki eftir vinnutæki verði afmáð með því að slóðadraga raskað svæði með þungri sprengimottu. Einnig verði lögð áhersla á að hlífa jarðmyndunum sem hafa áhrif á heildarsvip umhverfisins. Fram kemur að skoðaðir hafi verið aðrir efnistökuastaðir fyrir grjótnám en úr námu 3 og að einu hugsanlegu efnistökuastaðirnir í nágrenni framkvæmdarsvæðisins væru á grónum klapparholtum. Það sé mat íbúa sem rætt hafi verið við og Náttúruverndar ríkisins að efnistaka þar sé ekki ákjósanlegri kostur með tilliti til umhverfisáhrifa en efnistaka úr námu 3.

Fram kemur að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé innan þess svæðis sem flokkað er sem hverfisverndarsvæði á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2018. Engar verðmætar jarðfræðiminjar muni fara undir lónið. Gróður á svæðinu sé fremur rýr og einkennist af mosagróðri. Við vettvangsathugun í júlí 2001 hafi ekki fundist sjaldgæfar tegundir eða sérstæð gróðurlendi. Gróðurþekja á námusvæði 3 sé talsverð einkum í dældum en minni á hryggjum og hólum. Ljóst sé að gróðurþekja eyðileggst á þeim svæðum þar sem grjót verður numið af yfirborði en ekki sé talið líklegt að rask eða eyðing gróðurþekju á námusvæði 3 leiði til vindrofs á svæðinu þar sem jarðvegur sé nánast enginn en undirlagið fyrst og fremst möl og grjót. Ef halda eigi náttúrulegu svipmóti gróðurs á svæðinu til frambúðar sé ekki ráðlegt að sá í efnistökuastaði að efnistöku lokinni. Fram kemur að við hönnun framkvæmdar hafi verið tekið tillit til hverfisverndar að því leyti að halda sjónrænum áhrifum framkvæmdar í lágmarki. Einnig verði þess gætt að hrófla ekki við þeim gördum og jarðfræðiminjum sem eru sunnan við miðgarðinn eða öðrum þeim mannvirkjum og gróðri á

svæðinu. Ráðgert sé að bjóða út gerð varnargarðsins haustið 2001 og að framkvæmdum verði lokið fyrir flóð í Hólmsá sumarið 2002.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Í umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar kemur fram að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að framkvæmdin sé ekki þess eðlis að meta þurfi umhverfisáhrif hennar.

Varnargarður og efnistaka

Náttúruvernd ríkisins gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða staðsetningu varnargarðsins og efnistöku úr nánum 1 og 2. Hins vegar gerir stofnunin athugasemd við námu 3. Bent er á að í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila sé yfirborðsflatarmál mun meira en 45.000 m² eða vel yfir þeim mörkum sem fram koma í 1. viðauka með lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin telur mikilvægt að yfirborðsflatarmál allra námanna verði endurskoðað og ný loftmynd sem sýnir raunverulegt flatarmál námanna lögð fram. Hvað námu 3 snertir telur Náttúruvernd ríkisins einnig vert að athuga hvort ekki megi forgangsraða efnisvinnslu á svæðunum þremur þannig að ekki verði gert ráð fyrir að yfirborði allra svæðanna sé raskað með námavinnslu. Mikilvægt sé að sem minnstu svæði verði raskað við vinnsluna. Minnt er á ákvæði 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þar sem námuréttshafa beri að leggja fram áætlun um efnistöku þar sem m.a. skuli gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði. Áætlunin skuli liggja fyrir áður en leyfi er veitt til náms jarðefna skv. 47. gr. laganna.

Með svörum Vegagerðarinnar fylgdi ný grunnmynd af varnargarðinum við Fláajökul sem sýnir endurskoðaða afmörkun fyrirhugaðra efnistökusvæða 1, 2 og 3. Fram kemur að samræmi sé á milli uppgefins flatarmáls námusvæða í erindi Vegagerðarinnar frá 10. júlí 2001 og námusvæðanna eins og þau eru sýnd á nýrri grunnmynd. Uppgefið flatarmál í texta sé það svæði sem gera megi ráð fyrir að verði raskað enda komi fram áætlað magn og vinnsludýpt. Ennfremur kemur fram í svörum Vegagerðarinnar að lögð verði áhersla á að farið verði eftir framlagðri tilhögun við efnistöku úr námu 3. Þannig verði best komið til móts við ábendingar Náttúruverndar ríkisins og tryggt að raski verði haldið í lágmarki. Áður en framkvæmdir hefjist muni framkvæmdaraðili í samráði við Náttúruvernd ríkisins greina nákvæmlega grjótríkustu efnistökusvæðin innan námu 3 og velja hvar efni verður tekið. Áhersla verði einnig lögð á að sneiða hjá jarðmyndunum sem hafa áhrif á heildarsvip umhverfisins. Þannig verði tryggt að sem minnstu svæði verði raskað við vinnsluna og að heildarsvipur svæðisins raskist ekki. Lögð verði fram áætlun um frágang námusvæðis 3 í áætlun um efnistöku þegar sótt verður um framkvæmdaleyfi. Vegagerðin muni óska eftir því að fulltrúi Náttúruverndar ríkisins hafi eftirlit með efnistökkunni og frágangi að framkvæmdum loknum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu á um 2 km löngum varnargarði um 400 m sunnan við jaðar

Fláajökuls í Sveitarfélaginu Hornafirði ásamt rúmlega 75.000 m³ efnistöku á þremur svæðum í nágrenni við garðinn og lagningu tæplega 1 km langs vegslóða vegna framkvæmdanna. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2a í 2. viðauka með lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Tilgangur framkvæmdarinnar er að stjórna rennsli Hólmsár og koma þannig í veg fyrir að áin renni suður Mýrar í farvegi Hleypilækjar með tilheyrandi tjóni á vegum, ræktuðu landi og náttúrulegum gróðri á Mýrum.

Varnargarðurinn og efnistökusvæðin eru fyrirhuguð á svæði sem skilgreint er sem hverfisverndarsvæði til að vernda landslag í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2018. Þar er gert ráð fyrir varnargarði við Fláajökul. Einnig er gert ráð fyrir efnistöku á þeim svæðum sem tilgreind eru í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila. Varðandi jökulaura á ofanverðum Mýrum kemur fram að það svæði sé sett undir hverfisvernd „til að tryggja heildaryfirbragð ósnortinnar víðáttu með frumstæðum vegslóðum og eðlilegu náttúrulegu gróðurfari.“ Náttúruvernd ríkisins bendir m.a. á að í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar sé yfirborðsflatarmál námu 3 mun meira en 45.000 m² eða vel yfir þeim mörkum sem fram koma í 1. viðauka með lögum um mat á umhverfisáhrifum. Í viðbótarupplýsingum frá Vegagerðinni kemur fram að stærð fyrirhugaðs efnistökusvæðis í námu 3 hefur verið endurskoðuð og svæðið afmarkað nánar. Fram kemur að efnistaka í námu 3 muni raska samanlagt um 45.000 m² svæði. Skipulagsstofnun telur í ljósi þessa að efnistaka vegna byggingar varnargarðs við Fláajökul muni ekki hafa verulegt rask á gróðri og landslagi í för með sér og að áhrif á heildarsvip svæðisins verði ekki umtalsverð verði framkvæmdatilhögun með þeim hætti sem Vegagerðin lýsir í framlögðum gögnum og í samráði við Náttúruvernd ríkisins.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að bygging varnargarðs, miðgarðs, við Fláajökul og tilheyrandi efnistaka sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Staðsetning varnargarðs við Fláajökul er ekki í samræmi við staðfest Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2018 og þarf að breyta því sbr. 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingarlaga. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt skal liggja fyrir áætlun um efnistöku sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 24. september 2001.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Elín Smáradóttir

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Sveitarfélagið Hornafjörður og Náttúruvernd ríkisins